

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/40/EB

2008/EES/73/11

frá 7. september 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 77/541/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbeltí og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álití efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,ökutæki í flokki M₁ frá 1. janúar 1998. Þar af leiðandi þarf einungis að setja í þessi ökutæki öryggisbeltí og/eða annars konar aðhaldsbúnað til að fullnægja ákvæðum 77/541/EBE ⁽³⁾.

- 5) Þar til gerðarviðurkenningarkerfi Bandalagsins hefur verið rýmkað þannig að það nái til allra flokka ökutækja skal krefjast ísetningar öryggisbeltí og/eða aðhaldsbúnaðar, í þágu umferðaröryggis, í ökutækjum í öðrum flokkum en M₁.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rannsóknir hafa sýnt að notkun öryggisbeltí og aðhaldsbúnaðar getur stuðlað að verulegri fækkun dauðsfalla og alvarleika áverka af völdum slysa, jafnvel þegar um bílveltu er að ræða. Festing þeirra í öllum flokkum ökutækja mun vera mikilvægt skref í þá átt að koma á auknu umferðaröryggi og þar af leiðandi bjarga mannlífum.
- 2) Ef sett eru öryggisbeltí í öll ökutæki mun nást verulegur ávinningur fyrir þjóðfélagið.
- 3) Í ályktun Evrópuþingsins frá 18. febrúar 1986 um sameiginlegar ráðstafanir til að draga úr umferðarslysum á vegum sem er hluti af áætlun Bandalagsins um umferðaröryggi ⁽³⁾ er lögð áhersla á þörfina á því að lögbjóða notkun öryggisbeltí fyrir alla farþega, þ.m.t. börn, nema í ökutækjum í almenningsvögnum. Því skal gera greinarmun á almenningsvögnum og öðrum ökutækjum hvað varðar skyldubundna ísetningu öryggisbeltí og/eða aðhaldsbúnaðar.
- 4) Samkvæmt tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽⁴⁾ hefur gerðarviðurkenningarkerfi Bandalagsins aðeins verið notað fyrir öll ný vélknúin

- 6) Í tilskipun 76/115/EBE er nú þegar kveðið á um öll tæknileg ákvæði og stjórnsýsluákvæði er heimila gerðarviðurkenningu annarra ökutækja en í flokki M₁. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að setja önnur ákvæði.
- 7) Frá gildistöku tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/541/EBE varðandi öryggisbeltí og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum ⁽⁵⁾ hafa nokkur aðildarríki nú þegar lögboðið ákvæði hennar varðandi tiltekna flokka ökutækja annarra en í M₁. Framleiðendur og birgjar þeirra hafa þar af leiðandi þróað viðeigandi tækni.
- 8) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns ⁽⁷⁾ eru ákvæði um að auðvelda hreyfihömluðum, s.s. fötluðu fólki, aðgang að ökutækjum sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti. Það er nauðsynlegt að heimila aðildarríkjum að leyfa ísetningu öryggisbeltí og/eða aðhaldsbúnaðar sem samrýmist ekki tækniforskriftum tilskipunar 77/541/EBE en er sérstaklega hannaður í því skyni að tryggja öryggi hreyfihamlaðra í slíkum ökutækjum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 146. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 19.10.2006, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 10.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 2003 (Stjtið. ESB C 91 E, 15.4.2004, bls. 491), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. janúar 2005 (Stjtið. ESB C 111 E, 11.5.2005, bls. 28), afstaða Evrópuþingsins frá 26. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽³⁾ Stjtið. EB C 68, 24.3.1986, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/78/EB (Stjtið. ESB L 153, 30.4.2004, bls. 103).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 95. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 2003.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 178, 17.7.1996, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1.

9) Breyta ber tilskipun 77/541/EBE til samræmis við það.

„Ökutækjum í flokkum M₂ og M₃ skal skipt í tvo undirflokka eins og skilgreint er í 2. lið I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB.“

10) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. auknu umferðaröryggi með því að lögbjóða festingu öryggisbelta í tilteknum flokkum ökutækja, verður því markmiði betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

3. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) neðanmálgreinin við lið 3.1 falli brott,

b) í stað liðar 3.1.1 komi eftirfarandi:

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 77/541/EBE

Tilskipun 77/541/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

2. gr.

„2. gr. a

1. Aðildarríkjum er heimilt samkvæmt landslögum að leyfa ísetningu öryggisbelta eða aðhaldsbúnaðar sem fellur ekki undir þessa tilskipun, að því tilskildu að búnaðurinn sé ætlaður fötluðum.

2. Aðildarríkjum er einnig heimilt að undanþiggja aðhaldsbúnað sem hannaður er í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns (*) frá ákvæðum þessarar tilskipunar.

3. Kröfurnar í lið 3.2.1 í I. viðauka við þessa tilskipun gilda ekki um sætisbelti og aðhaldsbúnað sem fellur undir 1. og 2. mgr.

(*) Stj. tíð. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 9. gr.:

„3.1.1. Að frátöldum sætum, sem einungis eru ætluð til notkunar þegar ökutæki er kyrrstætt, skulu sæti ökutækja sem falla undir flokka M₁, M₂ (undirflokkur III eða B), M₃ (undirflokkur III eða B) og N vera búin öryggisbeltum og/eða aðhaldsbúnaði sem fullnægir kröfum þessarar tilskipunar.

Heimilt er að setja öryggisbelti og/eða aðhaldsbúnað í ökutæki í undirflokki I, II eða A, sem falla undir flokka M₂ eða M₃, að því tilskildu að búnaðurinn samrýmist kröfum þessarar tilskipunar.“

Fyrirhugaðar ráðstafanir vegna fatlaðra

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 20. apríl 2008, skoða sérstakar verklausreglur til að samræma kröfur um öryggisbelti fyrir fatlaða, sem byggjast á gildandi alþjóðlegum stöðlum og innlendum lagaskilyrðum, til að tryggja sambærilegt öryggi og fæst með þessari tilskipun. Ef við á, skal framkvæmdastjórnin leggja fram drög að ráðstöfunum. Samþykkja skal breytingar á þessari tilskipun í samræmi við 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

3. gr.

Framkvæmd

1. Frá og með 20. apríl 2006, að því er varðar ísetningu öryggisbelta og/eða aðhaldsbúnaðar sem er í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í tilskipun 77/541/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu hvað varðar gerð ökutækis,

b) banna að ný ökutæki séu skráð, seld, eða tekin í notkun.

2. Frá og með 20. október 2006, að því er varðar ísetningu öryggisbelta og/eða aðhaldsbúnaðar sem er ekki í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í tilskipun 77/541/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin að því er varðar nýja gerð ökutækis:

- a) ekki lengur veita EB-gerðarviðurkenningu,
- b) synja um innlenda gerðarviðurkenningu.

3. Frá og með 20. október 2007, að því er varðar ísetningu öryggisbelta og/eða aðhaldsbúnaðar sem er ekki í samræmi við kröfur sem eru settar fram í tilskipun 77/541/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin:

- a) líta á samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum, sem ógild að því er varðar 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE,
- b) neita að skrá megi, selja eða taka í notkun ný ökutæki nema unnt sé að skírskota til ákvæða 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 20. apríl 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 21. apríl 2006.

3. Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 7. september 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

C. CLARKE

forseti.

forseti.